



Borgarráð

Reykjavík, 9. júlí 2024  
MSS24070022

### **Samningur við Bridgesamband Íslands**

Lagt er til að borgarráð samþykki meðfylgjandi samning við Bridgesamband Íslands vegna Reykjavík Bridge Festival fyrir árin 2024 og 2025. Kostnaður vegna verkefnisins er í heild 4 milljónir kr. eða 2 milljónir fyrir hvort samningsár. Tillagan verði fjármögnuð af kostnaðarstaðnum 09205, ófyrirséð.

Einar Þorsteinsson  
borgarstjóri

Hjálagt:

Styrkbeiðni frá Bridgesambandi Íslands vegna Reykjavík Bridge Festival fyrir árin 2024-2025, dags. 21. febrúar 2024.

Samningur við Bridgesamband Íslands, drög.



**Reykjavík**



21. febrúar 2024

## Berist til Borgarstjóra

**Umsókn: Styrkbeiðni frá Bridgesambandi Íslands vegna Reykjavík Bridge Festival fyrir árin 2024 og 2025.**

Bridgesamband Íslands óskar eftir að gera styrktarsamning við Reykjavíkurborg til styrktar Reykjavík Bridge Festival sem haldið er árlega í lok janúar í Reykjavík. Eru flestir þátttakendur frá Reykjavík. Mótið er kostnaðarsamt fyrir sambandið og leitum við því til Reykjavíkurborgar um stuðning.

Um er að ræða stóran alþjóðlegan viðburð. Mótið er gríðarlega sterkt og vekur mikla athygli víða um heim. Reiknað er með yfir 700 spilurum í heildina og þar af um 200-300 erlendis frá. Ljóst er að koma erlendra þátttakenda ásamt fylgdarfólki mun leiða til þess að verulegar tekjur skapast fyrir borgina og þjóðarþúið í formi hundruð gistingu og annars kostnaðar sem erlendir spilarar þurfa að greiða.

Bridgesamband Íslands hefur á síðustu árum lagt mikla áherslu á unglínga- og barnastarf enda mjög mikilvægt fyrir okkar samfélag að huga vel að því að efla hugarstarf íslenskra ungmenna. Á námskeiðum okkar höfum við verið að sjá einstaklinga sem voru ekki áður í skipulögðu félagsstarfi ná að bindast nýrri iþrótt og á sama tíma mynda vináttusambönd við önnur ungmenni. Við hjá sambandinu teljum að mörg ungmenni sem eru mögulega með vissar greiningar eða félagslegar takmarkanir tengi mikið við bridge. Til dæmis höfum við séð einstaklinga, sem hafa verið fastir í kjallaranum heima hjá sér í tölvuleikjum, koma og spila bridge og efla þannig félagsfærni sína í gegnum spilið. Þá virðast margir einstaklingar sem hafa takmarkanir á einstökum sviðum, t.d. félagslega, oft hafa sérgáfur þegar kemur að bridge. Þeir ná oft á tíðum mjög góðum árangri og öðlast tilgang og dýrmætt sjálfstraust.

Vinna sambandsins í þessum efnum er byrjað að skila miklum árangri. Ungmönnum sem eru að spila bridge hjá sambandinu hefur fjölgað mikið.

Líkt og í öðrum mótum á vegum Bridgesambandsins er þátttaka barna og ungmanna gjaldfrjáls. Eins er vert að benda á það öflugra starf sem fer fram hjá sambandinu en fjölmörg mót eru haldin í hverri viku með hundruðum spilara. Allt starfið er gagnsætt, öll úrslit með listum yfir þátttakendur eru á netinu ásamt því að allar upplýsingar um rekstur eru öllum opnar.

Mikil áhersla hefur verið lögð á jafnréttismál samhliða barna- og unglíngastarfi. Kvenkyns spílurum hefur fjölgað í Bridgeskólanum sem sambandið rekur og nákvæmlega sama umgjörð er í kringum karla- og kvennalandslið Íslands.

Upphæð styrks sem óskað er eftir eru 2 milljónir fyrir hvert ár, samtals 4 milljónir yfir samningstímann.

Í þessari styrkumsókn hefur verið horft til samnings Reykjavíkurborgar og Skáksambands Ísland en sambærilegur samningur hefur verið gerður við Skáksambandið síðustu ár.

Virðingarfyllt



fh Bridgesamband Íslands

Matthias Imsland framkvæmdastjóri

Reykjavíkurborg kt. 530269-7609 Ráðhúsi Reykjavíkur, 101 Reykjavík, hér eftir nefnd styrkveitandi annars vegar og Bridgesamband Íslands kt. 480169-4769, hér eftir nefndur styrkþegi hins vegar, gera með sér svohljóðandi

## S A M N I N G

### 1. gr.

Til að styðja við kostnað af mótshaldi vegna Reykjavík Bridge Festival mun styrkveitandi veita styrkþega árlegan styrk að fjárhæð kr. 2.000.000.- á tímabilinu 2024 og 2025.

Samtals nemur fjárhæðin kr. 4.000.000.- á samningstímanum.

### 2.gr.

Styrkur styrkveitanda samkvæmt samningi þessum er veittur til stuðnings við Reykjavík Bridge Festival árin 2024 og 2025.

### 3. gr.

Á öllu kynningarefni styrkþega skal koma fram að þeir njóti styrks frá Reykjavíkurborg. Hér er slóða á merki Reykjavíkurborgar:

<https://reykjavik.is/midlun>

### 4. gr.

Við lok samningstímans skulu styrkþegar skila ítarlegri greinargerð til Reykjavíkurborgar þar sem fram kemur hvernig styrknum var ráðstafað á hverju ári sem og ársreikningur eftir því sem við á. Bridgesambandið skal árlega leggja fram yfirlit yfir iðkendafjölda í bridgehreyfingunni, eftir aldri og kyni.

Samkvæmt styrkjareglum Reykjavíkurborgar skulu styrkþegar hafa kynnt sér styrkjareglur, siðareglur og verkferla, og mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar og fylgja þeim við framkvæmd hins styrkta verkefnis.

### 5. gr.

Greiðslur samkvæmt samningi þessum skulu fara fram í febrúar á ári hverju og verður greiddur á reikning nr. , kt. 480169-4769.

### 6.gr.

Gildistími samnings þessa er frá undirritun hans til 1. desember 2025. Hvor aðili um sig getur þó sagt samningnum upp með þriggja mánaða fyrirvara. Greiðslur

samkvæmt samningi þessum eru jafnframt háðar ákvörðunum í fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar ár hvert.

7. gr.

Ef sýnt þykir að framlag styrkveitanda hafi verið notað í öðrum tilgangi en samningur þessi eða væntingar styrkveitanda standa til, eða ef styrkþegar uppfylla ekki ákvæði sammingsins að öðru leyti, áskilur Reykjavíkurborg sér rétt til að krefjast endurgreiðslu framlagsins að hluta að öllu leyti og rifta samningnum.

8. gr.

Samningur þessi er gerður í tveimur samhljóða eintökum.

Undirritaðir aðilar staðfesta samning þennan með undirritun sinni í votta viðurvist og staðfesta að þeir hafa fullt umboð til að skuldbinda sammingsaðila í samræmi við ákvæði hans.

Reykjavík, 2024.

---

F.h. Reykjavíkurborgar

---

F.h. Bridgesambands Íslands.

Vottar að rétri dagsetningu og undirritun:

Samþykkt í borgarráði 2024.